

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 4. mars 2024
UST202402-325/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting - Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020 - 2035 - M9 Vatnsnes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035 fyrir miðsvæðið M9 Vatnsnes í Keflavík.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til miðsvæði Vatnsness í Keflavík og svæðið um 18,5 ha. Auk þess segir að núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 600 íbúðum á svæðinu, en við breytinguna fjölgar íbúðum í 1250 og heildar byggingarmagn eykst sem gerir ráð fyrir íbúðum og annarri þjónustu á svæðinu.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að uppfæra þarf spurningar og viðmið í umhverfisþáttum 1.2 vatnafar og 1.4. sjór strandlengja í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun. Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar 2022 - 2027 og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Því þarf að fjalla um í greinargerð um hvaða vatnshlot framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess. Innan skipulagssvæðið er grunnvatnshlotið Rosmhvalanes (104-115-2-G) sem er metið í hættu¹ og strandsjárvatnshlotið Hafnir að Gróttu (104-1382-C)²

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-115-2-G>

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-1382-C>

Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á vatnavefsja.³

Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Auk þess vill stofnunin vekja athygli á stöðuskýrslu um fráveitumál á Íslandi fyrir árið 2022, þar sem fjallað er um fráveitumál í sveitarfélaginu.⁴

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Loftmengun

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif loftmengunar á svæðinu.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>

⁴ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2022_2.pdf